

Ár 2015, þriðjudaginn 14. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ, Siðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 17/2014

X

gegn

Y, Z og Þ

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 26. nóvember 2014 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu (Y, Z og Þ) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina XX með rakkanum YY án þess að tíkin væri með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar og andsvara með bréfi dagsettu 28. nóvember 2014 og þeim gefinn frestur til 26. desember. Kærðu nýttu sér ekki andmælafrestinn og var þeim send ítrekun með bréfi dagsettu 18. mars þar sem þau fengu viðbótarfrest til 25. mars, sem kærðu sinntu ekki heldur. Þar eð siðanefnd taldi útséð um að kærðu myndu nýta sér rétt sinn til andsvara þá var ákveðið að taka málið til úrskurðar byggt á þeim gögnum sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 9. september 2014 var tíkin XX pöruð við rakkann YY án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð við pörun. Hundarnir eru af kyninu Íslenskur fjárhundur og er tíkin í eigu kærðu. Kærðu hafa ekki nýtt sér andmælafrest sinn þrátt fyrir ítrekun né á neinn hátt reynt að halda uppi vörnum í málinu. Siðnefnd ákvað því að taka málið til úrskurðar.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Íslenskur fjárhundur:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun til þriggja ára aldurs undaneldishunda. Eftir þriggja ára aldur má augnvottorð ekki vera eldra en 26 mánaða við pörun. (gildir frá 01.06.2007). Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (kataract) mun hann verða skráður í ræktunarbann (sbr. beiðni frá DÍF 30.09.2004). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA)

fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).”

Í málinu liggur ljóst fyrir að tíkin var ekki með gilt augnvottorð við pörun en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Íslenskur fjárhundur skal augnskoðun hafa farið fram og má vottorðið ekki vera eldra en 12 mánaða sé undaneldishundurinn yngri en þriggja ára og ekki eldra en 26 mánaða sé undaneldishundurinn eldri en þriggja ára.. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan sjúkdóm. Tíkin hefur nú verið augnskoðuð og til allra heilla staðist skoðun, en það breytir ekki brotinu að hún hafi staðist skoðun eftir á, það gátu kærðu ekki séð fyrir. Hafa kærðu því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

IV. Niðurstaða

Kærðu Y, Z og Þ teljast hafa gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ

Kærðu eru áminnt.

Anna María Flygenring

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir